

Fundagerð 180. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 14. desember kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Símon Guðvarður Jónsson

Fjarfundur: Valbjörn Jón Höskuldsson og Sigurður Jóhann Erlingsson

Fjarverandi: Pétur Freyr Jónsson, Agnar Ólason og Tinna Magnúsdóttir

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 179

Fundagerð samþykkt og undirrituð. Einnig var fundagerð nr. 160 undirrituð en það fórst fyrir á sínum tíma þar sem það þurfti að leiðrétta hana.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Allur tími frá síðasta fundi hefur farið í kjaramál, fundir með SFS eða ASÍ. Við erum búin að funda rosalega mikið hjá Flösu (FLSA) við að reyna að virkja samninganefnd ASÍ. Þurfum að byrja að semja við okkur sjálf og það gengur ekki vel. Formaður óskaði eftir að fá að taka það undir liðnum önnur mál. SFS, höfum verið algjörlega strand. Helgi Már fór með á einn fund og í framhaldinu var ákveðið að halda annan fund þar sem kæmu millistjórnendur, sá fundur leystist upp. Á þeim fundi kom líka með okkur Björn yfirvélstjóri á frystitogaranum Tómasi Þorvaldssyni og hann og Helgi fóru vel yfir vinnuna um borð. Viðræðum var síðan slitið því það var ekkert að ganga, með því að slíta getum við farið að skipuleggja verkföll. Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur er búin að vera með okkur í þessu. Svo var aftur kallað á fund og þá komst smá hreyfing á þetta. Í lok nóvember var áhugaverður fundur hér en við vorum beðnir um að taka á móti Iðnfræðingafélagi Íslands. Iðnfræðingar eru skráðir inn hjá flestum iðnfélgögum. Þeir voru að þreifa fyrir sér með samstarf með okkur og var farið yfir málin með þeim og þeir geta líka fengið að leigja hér uppi af 100.000 Naglbítum. Spennandi verður að sjá hvað kemur út úr þessu.

Bras á okkur í lagamálum núna. Inn á samstarfsgáttina eru komin lög um fiskveiðistjórnun sem eru byggð á vinnu Svandísi Svavarsdóttur um auðlindina okkar. Það þarf að skila umsögn um það fyrir 22. des. Þessi lög eru um 150 bls. og formaður og lögmaður félagsins eru búnir að skauta aðeins yfir þetta. Einnig eru komin inn í gáttina drög að væntanlegu frumvarpi um

Verðlagsstofu, og óskað eftir athugasemdum. Í janúar kemur frumvarpið svo inn og þá þarf að skila inn umsögn.

3. Fjárhagsáætlun 2024

Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár var lögð fram. Formaður renndi yfir áætlunina og spurt var um nokkra liði sem voru útskýrðir. Skoðaður var kostnaður við útgáfu Tímarits VM og stungið upp á að næst þegar verður farið í kosningu á einhverju hjá félaginu að setja þá með spurningu um hvað mönnum finnst um tímaritið, vilja menn fá það sent heim eða rafrænt?

Fjárhagsáætlunin var samþykkt.

4. Fundarplan og aðalfundur 2024

Formaður fór yfir skipulagi stjórnarfunda fram á sumar og ræddi tillögur að dagsetningu á aðalfund. Ákveðið að halda Aðalfundinn fimmtudaginn 11. apríl 2024.

5. Lagt fram til upplýsingar

Við erum í samningur við okkur sjálfa um kröfur sem ASÍ mun leggja fram. Formaður sýndi útreikning um kostnaðarmat við samningana. Forsendur sem eiga að vera inn í samningunum er að verðbólgan eigi að vera komin niður og verð komin í 3,75% í janúar 2025 og 1. janúar 2026 í 3%. Nú er verið að kalla samninganefndir saman til að samþykkja eða hafna. Sumir eru harðir á því að það fái allir sömu krónutöluhækkun. Bent var á að ef við ætluðum að vera samkvæmir sjálfum okkur þá þyrftum við að hlusta á það sem menn sögðu á kjararáðstefnunni. Þar var upplifunin súú að enginn vildi fara krónutöluleið. Formaður sagði að þær línur sem verði lagðar í þessum almenna samningi muni svo flæða yfir hina. Svo sýndi hann húsnæðislánareikni sem hent var upp í flýti til að sýna hvað menn græði á lækkun vaxta. Þælingin um að ganga í takt er til að standa betur að vígi geng ríkinu. Formaður sýndi skjalið, forsenduákvæði kjarasamninga aðildarféлага ASÍ og SA í janúar 2024, þetta skjal er í vinnslu. Hann sýndi líka skjalið sem farið verður með til ríkisins, líka skjal í vinnslu. Menn almennt á því að við eigum ekki samleið með þessum hópum eins og Eflingu og SGS. Við förum í okkar samninganefndir og finnum lágmarkið og förum svo inn í ASÍ með niðurstöður af fundinum. Formaður óskaði eftir því að fá heimild til að klára þetta með samninganefndum og kjarateymi félagsins og var sú heimild veitt.

6. Önnur mál

Fundi slitið 11:55

Fundargerð ritaði Áslaug R. Stefánsdóttir